

# Samvinna eftir skilnað (SES) barnanna vegna

Skilnaðarráðgjöf til bóta fyrir börn  
– hlutverk félagsráðgjafa



Gyða Hjartardóttir



Sigrún Júlíusdóttir

*Gyða Hjartardóttir, félagsráðgjafi MA,  
aðjúnkt í félagsráðgjöf við HÍ og sérfræðingur í málefnum barna  
Sigrún Júlíusdóttir, prófessor í félagsráðgjöf við HÍ og þerapisti hjá Tengslum*

Megináhersla í allri félagsráðgjöf er að gæta réttar barna og vinna að velferð þeirra. Þetta á við bæði þegar litið er til samfélagsins og fjölskyldunnar. Í þeim anda hafa nú tveir félagsráðgjafar hlutast til um innleiðingu á öflugu fræðslu- og ráðgjafarúrræði fyrir foreldra sem ganga í gegnum skilnað, eða sem einhverra hluta vegna búa ekki saman. Frumkvæði þeirra tengist áratuga rannsókn- og fræðastörfum margra félagsráðgjafa á Íslandi á þessu sviði og víðtækri reynslu höfunda af velferðarþjónustu og meðferðarstarfi í þágu barna. Það er kunnara en frá þurfi að segja að þjónustu- og forvarnarstarfi hér á landi sem snýr að börnum og foreldrum þeirra sem ekki búa saman hefur verið ábótavant. Rannsóknir og reynsla staðfesta æ betur árangur af því að vernda, styðja og fræða þennan hóp fólks sérstaklega. Í ljósi þess hafa margir félagsráðgjafar unnið um langt skeið að því breyta viðhorfum, stjórnmálamanna og almennings. Skilaboðin hafa verið þau að móta þurfi þjónustu fyrir foreldra og börn í erfiðum og oft sársaukafullum aðstæðum skilnaðar, þar sem beitt er skipulegum úrræðum, aðferðum og verkfærum. Höfundar eru í þessum hópi félagsráðgjafa. Í undirbúningsvinnu okkar við tillögugerð um úrbætur var safnað upplýsingum um slík þjónustuuræði í nágrannalöndum. Fljótlega varð danska þjónustuverkefnið SES (Samarbejde efter skilsmisse) fyrir valinu sem fyrirmynd. Var þá leitað samstarfs við félags- og barnamálaráðherra, Ásmund Einar Daðason, og ráðuneyti hans. Til að gera langa sögu stutta voru undirtektir afdráttarlaust jákvæðar, og sérfræðingar ráðuneytisins slógu skjaldborg um verkefnið. Hafist var handa um viðræður og samningagerð við

dönsku sérfræðingana og um praktískan undirbúning, m.a. með þátttöku Gyðu Hjartardóttur í námskeiðum fyrir fagfólk (SES-PRO), sameiginlegum vinnufundum beggja aðila til að undirbúa formlegan samning milli landanna, þýðingum og staðfærslu á fræðsluefninu og innleiðingu þess með tveimur reynslusveitarfélögum. Á örfáum mánuðum hefur fagfólk í tveimur sveitarfélögum verið þjálfað og menntað í námsefninu og þar er foreldrum sem ekki búa saman boðið upp á SES. Stefnt er því að allir foreldrar á Íslandi sem skilja og eiga saman börn á aldrinum 0–18 ára, óháð kyni eða sambúðarformi, geti nýtt sér að kostnaðarlausu skilnaðarfræðslu og stuðning sem veittur er af hálfu sveitarfélagsins sem þeir eru skráðir í.

Markmið verkefnisins er að bæta líðan barna og foreldra með því að draga úr hugsanlegum ágreiningsmálum foreldra, en bæði rannsóknir og klínísk reynsla staðfesta að það er það sem fer verst með börnin. Námsefnið er byggt upp í kringum þrjá kjarna: (i) foreldrana sem einstaklinga, stöðu þeirra, líðan og þarfir (ii) barnið, viðbrögð þess, líðan og þarfir (iii) foreldrana, samstarf þeirra um börnin og hugsanlegar gildirur sem þarf að varast með þarfir barnanna að leiðarljósi. Mat á árangri verkefnisins í Danmörku sýnir verulegan árangur af því að taka þátt í SES-námskeiðum, sem m.a. birtist í 5,8 færri veikindadögum foreldra og færri einkennum vanlíðunar, kvíða og þunglyndis hjá foreldrum.

Nánar má lesa um SES á [www.samvinnaeftirskilnad.is](http://www.samvinnaeftirskilnad.is) og einnig má benda á umfjöllun í Ísland í dag þann 31. mars 2020 á [www.visir.is](http://www.visir.is) og á heimasíðu félagsmálaráðuneytisins, [www.stjornarradid.is](http://www.stjornarradid.is)